

4

31. jan.

20. gr.  
Brot gegn lögum þessum svo og reglugerðum og öðrum fyrirmælum, sem sett kunna að verða samkvæmt þessum lögum, varða sektum allt að 500 000 krónum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Upptaka eigna samkvæmt 69. gr. almennra hegningarlaga skal vera heimil.

21. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að setja nánari fyrirmæli um framkvæmd laga þessara.

22. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 31. janúar 1956.*

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

*Ólafur Thors.*

5

18. jan.

## L Ö G

um breyting á lögum nr. 53 21. apríl 1954, um viðauka við raforkulög, nr. 12 2. apríl 1946.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

e-liður 3. gr. laganna orðist svo:

- e. með lántökum handa raforkusjóði eða rafmagnsveitum ríkisins og er fjármálaráðherra heimilt að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs greiðslu lánanna allt að kr. 200000000.00.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 18. janúar 1956.*

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

*Steingrímur Steinþórsson.*

6

15. jan.

## AUGLÝSING

um viðskiptasamning milli Íslands og Finnlands.

Hinn 12. janúar 1956 var undirritaður í Reykjavík viðskiptasamningur milli Íslands og Finnlands.

Samningurinn gildir frá 1. febrúar 1956 til 31. janúar 1957. Ef hvorugur aðili segir upp samningnum fyrir árslok 1956 framlengist hann sjálfkrafa um eitt ár.

Helztu útflutningsvörur frá Íslandi til Finnlands á samningstímabilinu verða saltsild, gærur, þorskalýsi, skreið, sildar- og fiskimjöl, frystur fiskur og sild, kindagarnir og niðursoðnar fiskafurðir.

Helztu útflutningsvörur frá Finnlandi til Íslands verða timbur, staurar, kross-